# Breyting á deiliskipulagi, í iðnaðarsvæði Drangahrauns og Skútahrauns Hafnarfirði.
Skútahraun 6.

Hafnarfjörður.
www.hafnarfjördur.is




## HLUTI GILDANDI DEILISKIPULAGS SAMÞ. Í SKIPULAGS OG BYGGINGARÁÐI HAFNARJARÐAR ÞANN 27 JÚLÍ 2008, OG Í BÆJARRÁÐI HAFNARFJARÐAR 7 ÁGÚST 2008.

GREINARGERÐ:

Deiliskipulag sem í gildi er fyrir Skútahraun 6.

Á lóðinni er slökkvistöð, "Slökkviliðs Höfuðborgarsvæðisins", hluti af starfsemi slökkvistöðvarinnar er að þar er staðsettur neyðarbjörgunarbúnaður og aðstöðuhús fyrir björgunar og leitarhunda.

Í gildi er deiliskipulag fyrir „IÐNAÐARSVÆÐI DRANGAHRAUN -SKÚTAHRAUN" samþykkt í skipulags og byggingaráði Hafnarfjarðar þann 27 júlí 2008, og í bæjarráði Hafnarfjarðar þann 7 ágúst 2008.

Þar segir um almenna skilmála: Við hönnun húsa á reitnum skal sérstaklega fylgja ákvæðum eldvarnareftirlits um hitageislun milli húsa en hún má ekki vera meiri en 12kw/m² á vegg næsta húss.

Fjöldi bílastæða á lóð skal vera í samræmi við 64.gr. byggingarreglugerðar nr. 441/1998 m.s.br., það er 1 bílastæði fyrir hverja 35 m² verslunar- og skrifstofuhúsnæðis og 1 bílastæði fyrir hverja 50 m² af öðru húsnæði.

Athafnasvæði innan lóða skulu vera í samræmi við starfsemi í húsunum og þess gætt að ferming og afferming flutningstækja geti farið fram innan lóða.

Setja skal bundið slitlag á bílastæði, plön og ganga frá gangstéttum. Ganga skal snyrtilega frá sorpgeymslum og skerma þær af á þrjá vegu með vegg sem er jafnhár eða hærri en geymslurnar. Þá skal planta a.m.k. þremur barrtrjám á hverja lóð samtímis lóðarfrágangi.

Búseta verður ekki leyfð á skipulagsreitnum.

Í gildandi deiliskipulagi kemur fram eftirfarandi sem gildir sérstaklega fyrir lóðina Skútahraun 6:

| | |
|---|---|
| Stærð lóðar: | 8.400,7 m². |
| Byggðir m²: | 1.684,0 m². |
| Byggingaár: | 2002. |
| Núverandi nhl.: | 0,18. |
| Hámarks m²: | 2.500,0 m². |
| Hámarks nhl.: | 0,35. |
| Hámarks vegghæð: | 7,0 m. |
| Hámarks mænishæð: | 9,5 m. |




## BREYTT SKIPULAG.

GREINARGERÐ:

Breytingar á deiliskipulags skilmálum fyrir lóðina nr. 6 við Skútahraun fela í sér að markaður er sérstakur byggingareytur í suðaustur hluta lóðarinnar 1.400 m² fyrir æfingarhús/ gáma fyrir reykköfun og björgunarstörf, hluti af þeirri starfsemi er notkun og meðhöndlun á gasi..

Þá er í norðaustur hluta lóðarinnar afmarkaður 800 m² reytur fyrir gáma, rafstöðvar og annan björgunarbúnað sem nauðsynlegur er vegna starfsins sem tilheyrir slökkvi og björgunarstöð.

Þá er sýnt að lóðin verður girt með 2 m hárri girðingu.

Landhalli á álóðarmörkum Skútahrauns 4 og 6 verður leystur er með grjótfláa.

Eftir breytingu verður leyfilegt nýtingarhlutfall 0,45.

Samkv. mæliblaði frá 27. 07. 2008 (Iðnaðarsvæði II- Bæjarhraun) er lóðin 9.612,5 m².

| | |
|---|---|
| Leifileg hámarks vegghæð bygginga er: | 7,0 m. |
| Leifileg hámarks mænishæð bygginga er: | 9,5 m. |



Hluti af aðalskipulagi Hafnarfjarðar. (2013-2025).

## SKÝRINGAR

- STAÐSETNING BREYTINGAR.
- DEILISKIPULAGSMÖRK
- NÝR BYGGINGAREITUR
- VEGHELGUN
- GANGSTÉTT
- 1-2 H — H = FJÖLDI HÆÐA
- GIRÐINGAR

Deilskipulagsbreyting þessi sem fengið hefur meðferð í samræmi við ákvæði 1. mgr. 43.gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt í.
skipulags- og byggingaráði Hafnarfjarðar
þann................20......

---

f.h. skipulags- og byggingarráðs.

og í bæjarstjórn Hafnarfjarðar þann................20......

---

f.h. bæjarstjórnar.

Tillagan var auglýst frá ....................... 20...... með athugasemdarfresti til ...................... 20......

Auglýsing um gildistöku breytingarinnar var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann .......................20.... .

Breyting á deiliskipulagi í iðnaðarsvæði Drangahrauns og Skútahrauns Hafnarfirði.
Skútahraun 6.

Mælikvarði: 1:1000
Dagsetning útgáfu: 12 sept. 2017.
Blaðstærð: A2.


STH. teiknistofan ehf.

Teiknað: Sig. Þ.
Yfirfarið: V.Þ.S.

Strandgötu 11.
220 Hafnarfirði.
kt. 510298-2769.
Sími 5651510.
teiknistofan@simnet.is.